

## REGLUGERÐ

### um (97.) breytingu á reglugerð nr. 340/2001 um eftirlit með fóðri.

#### 1. gr.

Ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, sem vísað er til í II. kafla I. viðauka, skulu öðlast gildi með breytingum og viðbótum sem leiðir af I. viðauka, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans. Á grundvelli eftirtalinnna ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar öðlast eftirtaldir ESB-gerðir gildi hér á landi:

1. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/764 frá 14. maí 2019 um leyfi fyrir blöndu með *Lactobacillus hilgardii* CNCM I-4785 og *Lactobacillus buchneri* CNCM I-4323/NCIMB 40788 sem fôðuraukefni fyrir allar dýrategundir. Reglugerðin var felld inn í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 250/2019, frá 25. október 2019. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 90, frá 7. nóvember 2019, bls. 252.
2. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/804 frá 17. maí 2019 um endurnýjun á leyfi fyrir seleni í lífrænu formi, sem er framleitt með *Saccharomyces cerevisiae* CNCM I-3060, og selenmeþíóníni, sem er framleitt með *Saccharomyces cerevisiae* NCYC R397, sem fôðuraukefni fyrir allar dýrategundir og um niðurfellingu á reglugerðum (EB) nr. 1750/2006 og (EB) nr. 634/2007. Reglugerðin var felld inn í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 250/2019, frá 25. október 2019. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 90, frá 7. nóvember 2019, bls. 255.
3. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/805 frá 17. maí 2019 um leyfi fyrir blöndu með múramíðasa, sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* DSM 32338, sem fôðuraukefni fyrir eldiskjúklinga og aukategundir alifugla til eldis (leyfishafi er DSM Nutritional Products Ltd, fulltrúi hans í ESB er DSM Nutritional Products Sp. Z o.o). Reglugerðin var felld inn í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 250/2019, frá 25. október 2019. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 90, frá 7. nóvember 2019, bls. 260.
4. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1125 frá 5. júní 2019 um leyfi fyrir sinkklósambandi af meþíónínsúlfati sem fôðuraukefni fyrir allar dýrategundir. Reglugerðin var felld inn í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 251/2019, frá 25. október 2019. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 90, frá 7. nóvember 2019, bls. 263.

#### 2. gr.

Matvælastofnun fer með eftirlit með því að ákvæðum þessarar reglugerðar sé framfylgt í samræmi við lög nr. 22/1994 um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru, með síðari breytingum.

#### 3. gr.

Um brot gegn reglugerð þessari fer samkvæmt 9. gr. og 9. gr. a – 9. gr. e laga nr. 22/1994 um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru.

#### 4. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 7. gr. laga nr. 22/1994 um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 16. desember 2019.*

**Kristján Þór Júlíusson**  
sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.

*Iðunn Guðjónsdóttir.*